

Reykjanesbær
Suðurnesjabær

Reykjanesbæ, 8. október 2020

Efni: Tilkynning Norðuráls ehf. frá 1. september 2020

Vísað er til bréfs sveitarfélaganna tveggja, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar, frá 21. september sl. til stjórnar og framkvæmdastjóra Kadeco, vegna tilkynningar Norðuráls ehf. til þeirra þann 1. september sl. um að félagið óskaði eftir því að sveitarfélögin myndu vinna að því að rýmka möguleg not fyrir lóðina fyrir annars konar starfsemi, svo og húsnæðið sem búið væri að reisa á henni.

Í bréfinu er óskað eftir því að stjórn Kadeco taki afstöðu til fyrrgreinds erindis Norðuráls ehf. Tekið er fram að af hálfu sveitarfélaganna hafi með óformlegum hætti verið tekið jákvætt í erindið, þannig að halda mætti áfram nauðsynlegri uppbyggingu í Helguvík.

Stjórn Kadeco lítur svo á að með erindi Norðuráls ehf. (framleigutaki) sé félagið að falast eftir viðræðum við sveitarfélögin tvö sem handhafa skipulagsvalds á svæðinu og Kadeco f.h. íslenska ríkisins, í gegnum Reykjaneshöfn sem leigutaka lóðarinnar, um breytta nýtingu lóðarinnar, svo og mannvirkjanna sem búið er að byggja.

Ekki er litið svo á að um uppsögn lóðarleigusamnings sé að ræða af hálfu Norðuráls ehf. Slík tilkynning þyrfti að vera skýrari um það efni. Aftur á móti er tilkynningin nokkuð skýr um að ekki verði af því að bygging álvers í Helguvík verði fullkláruð, þar sem „...ekki hefur gengið að útvega þá raforku sem þarf fyrir fyrirhugað álver í Helguvík og ekki fyrirsjáanlegt að breyting verði þar á...“. Hvaða áhrif það getur haft á gildandi lóðarleigusamninga er í skoðun og er allur réttur til viðbragða áskilinn af hálfu Kadeco.

Stjórn Kadeco tekur jákvætt í það að fundin sé sameiginleg lausn til að hægt sé að nýta lóðina og mannvirkin áfram til annarrar atvinnustarfsemi. Sé það augljóslega fýsilegri kostur en að til niðurrifs mannvirkjanna þurfi að koma eða til þvingaðra eigandaskipta á þeim samkvæmt gildandi lóðarleigusamningi. Það séu hagsmunir allra að uppbygging svæðisins haldi áfram. Stjórn Kadeco leggur áherslu á að lausn sé fundin sem einnig tekur mið af hagsmunum eiganda lóðarinnar, s.s. vegna ábyrgðar á mannvirkjum ef enginn rekstur verður í þeim eða þegar rekstri í þeim er hætt, og burði mögulega nýs aðila til að taka við sambærilegum skuldbindingum og eru í dag í lóðarleigusamningum varðandi hreinsun svæðisins.

Virðingarfyllst,

Stjórn Kadeco og framkvæmdastjóri

